

23.fundar stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 19.febrúar kl.17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari (fór af fundi kl.17:40) og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltsted frá tækninefndar kvenna. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum og Guðjón Guðmundsson, formaður tækninefndar karla, boðuðu forföll.

Dagskrá

Til samþykktar

1.Breytingatillaga á móta- og keppnisreglum.

Stjórn FSÍ hefur borist tillögur um breytingar á móta og keppnisreglum FSÍ, sem samþykktar voru á 12.fundi stjórnar 16.ágúst 2012, frá tækninefnd karla og kvenna í áhaldafimleikum.

Tillagan hljóða svona (breytingar eru skyggðar):

1.breytingartillaga; Skráningar

Var;

4 vikum fyrir mót

FSÍ tilkynnir aðildarfélögum sínum hvaða félag sér um framkvæmd hvers móts. Framkvæmdaraðili móts sér um að tilkynna FSÍ nafn mótsstjóra.

Félög skrá á mót í gegnum FELIX tölvukerfið eigi síðar en 4 vikum fyrir mót. Þar skal koma fram nöfn þátttakenda og varamanna, kennitala og keppnisflokkur. Skila skal inn nöfnum dómara í þar tilgerða möppu. Félag eiga að senda inn einn dómara fyrir hverja fjóra keppendur í einstaklingskeppni. Í liðakeppni skal senda minnst tvo dómara á lið.

Verður;

4 vikum fyrir mót

FSÍ tilkynnir aðildarfélögum sínum hvaða félag sér um framkvæmd hvers móts. Framkvæmdaraðili móts sér um að tilkynna FSÍ nafn mótsstjóra.

Félög skrá á mót í gegnum FELIX tölvukerfið eigi síðar en 4 vikum fyrir mót. Þar skal koma fram nöfn þátttakenda og varamanna, kennitala og keppnisflokkur. Skila skal inn nöfnum dómara í þar tilgerða möppu. Félag eiga að senda inn einn dómara fyrir hverja fjóra keppendur í einstaklingskeppni, en einn dómara á hverja 3 keppendur í frjálsum æfingum. Í liðakeppni skal senda minnst tvo dómara á lið, en minnst þrjá dómara fyrir hvert lið í frjálsum æfingum.

2.breytingartillaga; Bikarmeistaramót:

Var;

BIKARMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

- Tækninefndir í áhaldafimleikum gefa út keppnisfyrirkomulag. Hversu margir eru í liði, keppa á áhaldi og telja til stiga í hverju þrepi fyrir sig.

- Liði er ekki heimilt að hefja keppni með færri keppendum en telja til stiga.
- Heimilt er að skrá tvo varamenn með hverju liði sem skipta má inná fyrir mót. Skrifleg tilkynning undirrituð af þjálfara þarf að berast mótsstjóra/yfirdómara fyrir innmars.
- Keppnisröð á hverju áhaldi fyrir sig afhendist mótsstjóra á þjálfarafundi mótsins.
- Hver þátttakandi hefur einungis rétt til keppni í einum getuflokki á mótinu. Hægt er að keppa með í liði í frjálsum æfingum þó keppandi sé í þrepum á öðrum mótum vetrarins.

Verður;

BIKARMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

- Tækninefndir í áhaldafimleikum gefa út keppnisfyrirkomulag. Hversu margir eru í liði, keppa á áhaldi og telja til stiga í hverju þrepi fyrir sig.
- Liði er ekki heimilt að hefja keppni með færri keppendum en telja til stiga.
- Heimilt er að skrá tvo varamenn með hverju liði sem skipta má inná fyrir mót. Skrifleg tilkynning undirrituð af þjálfara þarf að berast mótstjóra/yfirdómara fyrir innmars.
- Keppnisröð á hverju áhaldi fyrir sig afhendist mótstjóra á þjálfarafundi mótsins.
- Hver þátttakandi hefur einungis rétt til keppni í einum getuflokki á mótinu. Hægt er að keppa með í liði í frjálsum æfingum þó keppandi sé í þrepum á öðrum mótum vetrarins.
- Heimilt er að skrá einn varamann með hverju liði í keppni í íslenska fimleikastiganum.

3.breytingartillaga; Bikarmeistaramót-fyrirkomulag

Var;

BIKARMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Frjálsar

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í áhaldafimleikum
2	Tímabil	Febrúar – mars
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, opinn aldur
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni 4-4-3, eitt lið á hvert félag. Frjáls gestafjöldi
5	Keppnisreglur	FIG
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í liðakeppni karla og kvenna. Farand- og eignabikar hjá báðum kynjum.

Verður;

BIKARMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Frjálsar

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í áhaldafimleikum
2	Tímabil	Febrúar – mars
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, opinn aldur
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni 5-4-3, frjáls fjöldi liða. Frjáls gestafjöldi
5	Keppnisreglur	FIG
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í liðakeppni karla og kvenna. Farand- og eignabikar hjá báðum kynjum.

4.breytingartillaga; Bikarmeistaramót-fyrirkomulag

Var;

BIKARMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í íslenska fimleikastiganum
2	Tímabil	Febrúar – mars
3	Innihald móts	5.-1. þrep í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna, opin aldur 5.-4. þrep keppa 5-5-4 og engir varamenn, mest 3 gestakeppendur 3.-1. þrep keppa 4-4-3 og engir varamenn, mest 2 gestakeppendur
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni, hvert félag má senda mest þrjú lið í hverju þrepi
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í liðakeppni. Eignabikar fyrir 1.sæti í hverju þrepi hjá báðum kynjum

Verður;

BIKARMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í íslenska fimleikastiganum
2	Tímabil	Febrúar – mars
3	Innihald móts	5.-1. þrep í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna, opin aldur 5.-4. þrep keppa 5-5-4, mest 3 gestakeppendur 3.-1. þrep keppa 4-4-3, mest 2 gestakeppendur

4	Fyrirkomulag	Liðakeppni, hvert félag má senda mest þrjú lið í hverju þrepi
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í liðakeppni. Eignabikar fyrir 1.sæti í hverju þrepi hjá báðum kynjum

5.breytingartillaga; Íslandsmeistaramót – Frjálsar

Var;

ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

1.-2. þrep keppa um morgun sama dag og frjálsar æfingar eru.

Verður;

ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

~~1.-2. þrep keppa um morgun sama dag og frjálsar æfingar eru. (setningin fellur út).~~

6.breytingartillaga; Íslandsmeistaramót – Fimleikastiginn

Var;

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Íslandsmeistaramót í íslenska fimleikastiganum
2	Tímabil	Mars – apríl
3	Innihald móts	5.-1. þrepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna, allir aldursflokkar kk og kvk
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna, opin þátttaka
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki karla og kvenna. Eignabikar í öllum aldursflokkum hjá báðum kynjum í fjölþraut

Verður;

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Íslandsmeistaramót í íslenska fimleikastiganum
2	Tímabil	Mars – apríl
3	Innihald móts	5.-1. þrepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna, allir aldursflokkar kk og kvk
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastigi karla og kvenna. Þátttökuskilyrði; Konur, fyrir 5-3.þrep= náð 53 stigum á þrepamóti og/eða bikarmeistaramóti. Karlar, fyrir 5.þrep = náð 84 stigum, fyrir 4.þrep = náð 78 stigum, fyrir 3.þrep = náð 75 stigum, á þrepamóti og/eða bikarmeistaramóti. Konur/Karlar, fyrir 2.-1.þrep hafa keppt á þrepamóti og/eða bikarmeistaramóti.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut í hverjum aldursflokki karla og kvenna. Eignabikar í öllum aldursflokkum hjá báðum kynjum í fjölþraut.

Málið rætt.

Stjórn FSÍ samþykkir þessar breytingar og felur framkvæmdastjóra að kynna félögum og þjálfurum þær breytingar sem orðið hafa.

Einar Ólafsson fer af fundi

2. Breyting á mótadagskrá.

Formaður FSÍ leggur til breytingu á mótadagskrá FSÍ, í stað þess að Íslandsmót í hóp fimleikum verði haldið daganna 19-21 apríl nk. verði það haldið daganna 26-28 apríl viku síðar. Jafnframt verði bikarmótið í almennum fimleikum sem áætlað var að halda daganna 26-28. apríl nk. haldið daganna 19-21 apríl, einni viku fyrr.

Greinagerð: Dagana 26-27 apríl nk er forseti UEA, framkvæmdarstjóri UEG ásamt formanni evrópsku tækninefndarinnar í hóp fimleikum væntanlegri til landsins, í fyrsta skipti í sögu fimleikasambandsins. Tílfni heimsóknar þeirra er undirritun samning þess efnis að Ísland verði mótshaldari EM í hóp fimleikum 2014. Fyrirhugað er að fara með þá í heimsókn í félög á höfuðborgarsvæðinu og sýna þeim þau glæsilegu mannvirki sem byggð hafa verið undanfarin ár til fimleikaiðkunar sem á sér enga líka í Evrópu. Þannig gefst tækifæri til að sýna evrópska fimleikasambandinu þá miklu vinnu sem hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár í fimleikahreyfingunni. Formaður FSÍ telur mikilvægt gestirnir fái tækifæri til að fylgjast með Íslandsmóti í hóp fimleikum og þannig gera sér grein fyrir mótahaldi í beinni útsendingu, sem þessir aðilar hafa ekki kynnst áður, og leggur því til breytingu á mótadagskrá.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir þessar breytingar, en telur mikilvægt að skoða með hvaða hætti hægt verðir að koma til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið vegna úrtökuskilyrði fyrir Norðurlandamóts í hóp fimleikum 2013 sem haldið verður í Danmörku. Óskað er eftir tillögum frá THF um framhaldið. Framkvæmdarstjóra falið að kynna félögum og þjálfurum þær breytingar sem orðið hafa á mótadagskrá.

Til kynningar

1. Uppgjör á EM 2012

Framkvæmdarstjóri leggur fram minnisblað um uppgjör á EM 2012 í hóp fimleikum.

Heildarkostnaður við Evrópumeistaramótið í Hóp fimleikum 2012 var um 23,2 milljónir, tekjur sem fengust í verkefnið voru um 15,5 milljónir þannig að nettó kostnaðurinn af verkefninu var upp á um 7,7 milljónir. Helstu kostnaðarþættir má sjá hér fyrir neðan en eins og sést þá eru stærstu kostnaðarliðirnir ferðir og upphald ásamt kostnaði við þjálfun og verkefnastjórnun. Nettó kostnaðurinn á verkefninu var fjármagnaður með mótagjöldum og úr sjóðum FSÍ, eins og sjá má hér fyrir neðan. Ef verkefnið er tekið saman, þá greiddu iðkendur um 9,8 milljónir, stuðningsaðilar 5,6 milljónir en FSÍ um 7,7 milljónir.

EM Verkefni	Tekjur	Gjöld	Nettó
Auglýsingar í Fréttablaðinu	1.680.030	1.680.030	0
Miðasala	631.700	660.297	-28.597
Ferð og Gisting	7.158.825	12.202.617	-5.043.792
Upphitunar- og hlífðarfatnaður	2.304.485	2.642.965	-338.480
Keppnisbúningar	1.680.000	1.680.000	0
Starfsfólk Úrvalshópa / landsliða	2.006.800	3.300.000	-1.293.200
Ýmis Kostnaður	0	1.007.309	-1.007.309
	15.461.840	23.173.218	-7.711.378
Greitt af FSÍ	7.711.378		
Alls	23.173.218	23.173.218	0

Bókun: Stjórn FSÍ þakkar framkvæmdastjóra fyrir uppgjör á EM í hóp fimleikum 2012 og telur að mikilvægt sé að gera önnur verkefni á vegum sambandsins upp með sama hætti, þannig er hægt að átta sig á umfangi og raunkostnaði við verkefni á vegum sambandsins milli ára. Með þessum hætti er

líka auðveldara að átta sig á umfangi og leita leiða til að koma til móts við kostnað við verkefni. Stjórn FSÍ telur óásættanlegt að landsliðsfólk fimleikasambandsins þurfi að greiða svo stóran hluta af fjármögnun landsliðsverkefna sem raun ber vitni úr eigin vasa. Með endurskipulagningu á landsliðsmálum FSÍ og stofnun sérstaks afrekssjóðs telur stjórn FSÍ sjá tækifæri til að lækka verulega kostnað keppenda við þátttöku í landsliðsverkefnum á vegum sambandsins. Stjórn FSÍ fagnar hins vegar þeirri nýbreytni sem ráðning verkefnastjóra í hópfimleikum var, en verkefnastjórinn hafði m.a það hlutverk að skapa vettvang fyrir umfjöllun um fimleikamenn í fjölmiðlum og búa þannig um hnútanna að fjölmiðlar og samstarfsaðilar áttu greiða leið að landsliðsfólki, og jók þannig möguleika að fá samstarfsaðila/styrktaraðila til samstarfs, keppendum til hagsbóta. Jafnframt fagnar sambandið þeim samstarfsaðilum sem lögðu sitt til verkefnisins eins og Fimleikar ehf, Arionbanka, 66°Norður og Under Armour og væntir mikils af samstarfi við þá og aðra samstarfsaðila í framtíðinni.

2. Afreksstefna í vinnslu.

a) Framkvæmdastjóri FSÍ, Helgi Jóhannesson lagði fram minnisblað um dómaramámskeið í áhaldafimleikum karla og kvenna.

“Í desember fóru alþjóðlegu dómarnir, Berglind Pétursdóttir og Björn M. Tómasson á alþjóðleg dómaramámskeið í Bratislava til að staðfesta réttindi sín sem og þau gerðu með glans.

Alþjóðlegt dómaramámskeið WAG var haldið í Reykjavík 27-31. desember síðastliðinn. Það voru 15 konur sem sóttu námskeiðið sem haldið var undir handleiðslu Donatellu Sacchi meðlim í FIG tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum, en Berglind Pétursdóttir sá um undirbúning námskeiðsins fyrir hönd TKV. Í lok námskeiðsins var haldið próf, 8 alþjóðlega WAG dómara náðu markmiðum sínum og eru því fullgildir dómara á erlendum mótum næstu 4 árin.

Tækninefnd kvenna hélt svo dómaramámskeið í janúar þar sem Hlín Bjarnadóttir og Berglind Pétursdóttir sá um. Um 95 dómaraefni voru skráð á námskeiðin og voru þau haldin í ráðstefnusölum ÍSÍ, og meginþorri þeirra þreyttu dómaraþróf.

Á sama tíma hélt tækninefnd karla dómaramámskeið sem Björn M. Tómasson stóð fyrir, um 20 sóttu það námskeið og var það haldið í ráðstefnusölum ÍSÍ. Í lok námskeiðsins var haldið dómaraþróf þar sem meginþorri þeirra þreyttu dómaraþróf

Í marsmánuði er svo fyrirhugað alþjóðlegt dómaramámskeið MAG í umsjón Steve Butcher sem er formaður FIG tækninefndar karla. Björn M. Tómasson verður honum til stuðnings en gert er ráð fyrir að um 9 íslenskir dómara sækji það námskeið ásamt því að þreyta próf í lokin.”

b) Sviðsstjóri landsliðsmála, Sólveig Jónsdóttir, lagði fram minnisblað um stöðu úrvalshópa og landsliðsmála. Í janúar voru ráðnir 4 þjálfarar til starfa í eftirfarandi stöður. Áhaldafimleikar kvenna: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir. Áhaldafimleikar karla: Gennadiy Zadorozhnyy. Hópfimleikar: Ása Inga Þorsteinsdóttir.

“Sviðsstjóri hefur fundað með öllum þjálfurum tvisvar sinnum og í sameiningu höfum við lagt línurnar fyrir mót þessarar annar. Boðað hefur verið til opinna æfingar hjá tveimur aldurshópum karla og tveimur aldurshópum kvenna. Í hópfimleikum hefur verið boðað til þjálfarafundar 1. mars næstkomandi, þar sem farið verður yfir gróft skipulag ársins, EM 2014 og kynnt drög að tímalínu ársins 2013. Nú þegar að Bikarmótið hefur farið fram, verða úrvalshópar unglinga og fullorðinna í áhaldafimleikum stofnaðir.”

Bókun stjórnar FSÍ: Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem stóðu að dómaramámskeiðum í áhaldafimleikum fyrir gott starf, jafnframt þakkar stjórn FSÍ öllum þeim fjölmörgu sem tóku þátt í námskeiðunum sem haldin voru í upphafi árs, hvort sem tilgangurinn var að kynna sér reglur sem gilda við dómgæslu og/eða til að undirgangast próf sem dómara í áhaldafimleikum. Sá mikli áhugi sem endurspeglast í fjölda þátttakenda er til vitnis um virkni fimleikahreyfingarinnar sem svo sannarlega hefur sýnt það og sannað að með samtakamætti náum við þeim markmiðum sem að er stefnt.

Nú er ljóst að níu íslenskir dómara í áhaldafimleikum kvenna hafa öðlast réttindi til að dæma á erlendum mótum næstu 4 árin og einn í áhaldafimleikum karla. Íslenskir dómara hafa á undanförunum árum sannað það að þeir standa framarlega í dómgæslu á erlendum mótum og til vitnis um það hafa tveir af okkur fremstu dómurum bæði í áhaldafimleikum karla og kvenna verið valdir til að dæma á stórmótum. Stjórn FSÍ óskar öllum dómurum með nýfengin réttindi innilega til hamingju með árangurinn og væntir mikils af samstarfi á komandi árum.

Bókun frá TKV: Tækninefnd kvenna langar til þess að koma á framfæri ánægju með dómaramámskeiðin sem fóru fram í desember og janúar síðastliðinn. Vel var staðið að alþjóðlega námskeiðinu og viljum við þakka Berglindi Pétursdóttur fyrir hennar aðstoð og stuðning sem hún veitti dómurum og námskeiðshaldara. Í byrjun janúar fór svo fram námskeið fyrir íslenska dómara, bæði byrjendur og lengra komna. Berglind Pétursdóttir og Hlín Bjarnadóttir héldu námskeiðið og eiga þær hrós skilið fyrir frábæra kennslu, góða uppsetningu og skemmtilegt námskeið. Að námskeiði loknu stofnuðu þær síðan umræðusiðu á facebook fyrir dómara á Íslandi og hefur hún reynst gríðarlega vel og skapar skemmtilega stemningu og áhugaverðar umræður um dómgæslu. Ísland á núna flottan hóp dómara og við hlökkum til þess að fylgjast með framför og uppbyggingu á næstu fjórum árum.

Bókun frá TKV: Tækninefnd kvenna fagnar ráðningu landsliðsþjálfaranna Guðmundar Þ. Brynjólfssonar og Söndru D. Árnadóttur. Við teljum þetta mikilvægt og rétt skref í þá átt sem unnið hefur verið að síðastliðin ár. Einnig erum við ánægðar með nýtt starf á skrifstofu FSÍ sem hún Sólveig Jónsdóttir gegnir sem sviðstjóri landsliðsmála. Við vonum að þetta mun efla og stuðla að uppbyggingu afreksstarfs í áhaldafimleikum og hlökkum til samstarfsins.

Bréf til FSÍ

1. Bréf um Nordic Gymnastics Meeting í Svíþjóð 24-25. apríl

2. Fyrirspurn frá Gerplu um styrk sem barst FSÍ frá ríkisstjórn Íslands í tilefni af árangri Íslands á Evrópumótinu í hóp fimleikum sem haldið var í Arhus október 2012.

Þann 11. desember 2012 barst stjórn FSÍ fyrirspurn frá framkvæmdarstjóra fimleikadeildar Gerplu. „.....Hvernig munu iðkendur Gerplu sem og annarra félaga sem voru í landsliði Íslands á Evrópumótinu í hóp fimleikum fá úthlutað styrknum sem barst frá ríkisstjórn Íslands í tilefni af árangrinum. Með öðrum orðum, með hvaða beinum hætti munu þessir iðkendur njóta styrkveitingarinnar.“

Svar við fyrirspurn: Eins og fram kemur í fundargerð 17. fundar stjórnar FSÍ, dagsett 16. nóvember 2012, fékk Fimleikasamband Íslands styrk til áframhaldandi uppbyggingarstarfs í viðurkenningarskyni fyrir glæsilegan árangur kvenna og stúlkna landsliða Íslands á Evrópumótinu í hóp fimleikum.

Orðrétt stendur í bréfi frá forsætisráðuneytinu: „Í viðurkenningarskyni fyrir glæsilegan árangur kvenna- og stúlkna landsliða Íslands á Evrópumótinu í hóp fimleikum þar sem bæði liðin unnu til gullverðlauna, hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að veita Fimleikasambandi Íslands styrk af ráðstöfunarfé sínu, til áframhaldandi uppbyggingarstarfs“.

Evrópumótið í hóp fimleikum 2012 var stærsta einstaka landsliðsverkefni sem Fimleikasamband Íslands hefur ráðist í. Ljóst er að sá árangur sem náðist á Evrópumótinu er samspil margra þátta; góðir íþróttamenn, góður undirbúningur, góðir þjálfarar en ekki síst gríðarlega mikil samvinna allra aðila. Segja má að margra ára vinna allra aðildarfélaga sem koma að uppbyggingu fimleika á Íslandi hafi skilað sér í frábærum árangri sem skilaði allri þjóðinni ánægu, stolti og gleði.

Hafa ber í huga þá nýbreytni sem var tekin upp að sérstakur verkefnastjóri var ráðinn sem hélt utan um landsliðin frá upphafi til enda og hafði það hlutverk að stýra vinnu við skipulag og framkvæmd landsliða fyrir Evrópumótin í hóp fimleikum 2012, það var samdóma álit allra sem komu að verkefninu að sú ráðstöfun var til eftirbreytni.

Spurt er í tölvupósti frá framkvæmdarstjóra Gerplu sem barst stjórn FSÍ 11. desember sl. um það hvernig keppendur á Evrópumótinu í hóp fimleikum 2012 munu njóta með beinum hætti styrkveitingar ríkisstjórnar Íslands vegna góðs gengis kvenna- og stúlkulandsliðsins. Því er til að svara að allir keppendur sem keppa fyrir Íslands hönd í framtíðinni munu njóta ávaxta þeirrar endurskipulagningar á landsliðsmálum sambandsins, sem þegar er hafin og verður stærsta framfaramál fimleikaíþróttarinnar næstu árin.

Endurskipulagningin felst í fyrsta lagi í því að nýfengin og mjög góð reynsla sambandsins af ráðningu verkefnastjóra landsliða verður vinnulag til framtíðar. Þann 1. desember réð Fimleikasambandið „sviðsstjóra landsliðsmála“ en hlutverk hans er að samræma utanumhald allra fimleikalandsliða og stuðla þannig að jafnræði milli landsliðsfólks. Sviðsstjóri skal einnig skapa vettvang fyrir umfjöllun um fimleikafólk í fjölmiðlum og búa þannig um hnútana að fjölmiðlar og samstarfsaðilar eigi greiða leið að landsliðsfólki. Veigamikill þáttur hans starfs er einnig að auka möguleika á því að fá samstarfs- og styrktaraðila til samstarfs, greininni til hagsbóta.

Í öðru lagi var ákveðið að ráða landsliðsþjálfara fyrir öll landslið Íslands í fimleikum sem saman munu hafa það hlutverk, ásamt sviðsstjóra landsliða að setja fram markmið og kortleggja verkefni sem standa landsliðsfólki til boða. Ekki síst er hlutverk landsliðsþjálfara að koma til móts við þau gagnrýnu sjónarmið að landsliðsfólk fær oft seint að vita hvaða verkefni standa þeim til boða og hver kostnaður við þau eru. Staðreyndin er sú að keppendur á mótum FSÍ, landslið og félaglið hafa greitt stóran hluta af kostnaði við keppni og getur sá kostnaður hlaupið á mörgum hundruðum þúsunda ár hvert við keppni og æfingar hérlandis sem og erlendis. Þetta er sá raunveruleiki sem blasað hefur við okkar landsliðsfólki í fimleikum og okkur þykir miður.

Þessi endurskipulagning, ásamt tilurð nýs sjóðs, „Afrekssjóðs Fimleikasambands Íslands“, sem stofnað var til á stjórnarfundum FSÍ þann 15. janúar 2013 eru stór tíðindi fyrir íslenska fimleika. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja þá sem valdir eru til keppni af FSÍ í fimleikalandslið Íslands með niðurgreiðslu á þátttökukostnaði við keppni og æfingar. Þessi góðu tíðindi fylla okkur bjartsýni á að stuðningur, bæði faglegur og fjárhagslegur, verði meiri á komandi árum. Það er mikilvægt að minnst þeirrar bjartsýnu vonar, sem árangur íslensku landsliðanna í hóp fimleikum árið 2012 blés okkur í brjóst. Hún mun skila árangri til komandi kynslóða fimleikafólks á Íslandi.

Fundi slitið kl.19:15.